

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Eyrarbrautar 2 á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 3. apríl 2008 tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Eyrarbraut 2 á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 24. janúar 2008 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá og með 7. febrúar til og með 6. mars 2008 með athugasemdafresti til og með 20. mars 2008.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 24. júlí 2008.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. ágúst 2008